

Reglur um hæfi lykilstarfsfólks

Brúar lífeyrissjóðs

1.gr. Markmið og stefna

Reglurnar eru settar í samræmi við leiðbeinandi tilmæli fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands nr. 3/2010 og varða hæfi lykilstarfsfólks sjóðsins. Markmið með reglunum er að skapa traust og efla trúverðugleika sjóðsins og draga úr rekstrar- og orðsporsáhættu.

2.gr. Skilgreining

Lykilstarfsfólk eru einstaklingar í stjórnunarstarfi, að frátöldum framkvæmdastjóra, sem hafa umboð til að taka ákvarðanir sem geta haft áhrif á afkomu sjóðsins og framtíðarþróun hans.

Stjórn sjóðsins hefur metið eftirtalin störf til lykilstarfa:

- Sviðstjóri áhættustýringar
- Sviðstjóri eignastýringar
- Sviðstjóri fjármálasviðs
- Sviðstjóri réttindasviðs

3.gr. Almenn hæfiskilyrði lykilstarfsfólks

Lykilstarfsfólk skal uppfylla eftirfarandi hæfiskilyrði:

1. Að vera lögráða
2. Að vera búsett hér á landi
3. Að hafa ekki verið úrskurðað gjaldþrota á síðustu fimm árum
4. Að vera fjárhagslega sjálfstætt
5. Að hafa óflekkað mannorð
6. Að hafa ekki hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrotaskipti eða ákvæðum laga er varða opinber gjöld, svo og sérlögum um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi
7. Að hafa háskólamenntun sem nýtist í starfi og búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt
8. Að taka ekki þátt í atvinnurekstri, nema að fengnu leyfi framkvæmdastjóra. Eignarhlutur í fyrirtæki telst þátttaka í atvinnurekstri, nema um sé að ræða óverulegan hlut sem hefur ekki bein áhrif á stjórn þess. Slík þátttaka í atvinnurekstri má þó ekki vera til þess fallin að valda hagsmunaárekstrum eða skaða orðspor sjóðsins
9. Að gegna ekki öðrum launuðum störfum, nema að fengnu leyfi framkvæmdastjóra. Slík störf mega ekki vera til þess fallin að valda hagsmunaárekstrum eða skaða orðspor sjóðsins
10. Sviðstjóri eignastýringar skal hafa staðist próf í verðbréfavíðskiptum

4.gr. Framkvæmd hæfismats

Framkvæmdastjóri framkvæmir mat á hæfi þeirra einstaklinga sem teljast til lykilstarfsfólks og getur með samþykki stjórnar látið utanaðkomandi aðila framkvæma hæfismat.

Við framkvæmd hæfismats skal staðreyna hvort almennum hæfisskilyrðum, sbr. 3. gr., sé fullnægt en einnig skal hæfismat taka á eftirfarandi þáttum:

- Að meta þekkingu á þeim lögum, reglugerðum og reglum sem um starfsemi lífeyrissjóða gilda og þeim sérlægum sem gilda um starfssvið hans
- Að kanna hvort þekking sé á grundvallaratriðum í starfsemi sjóðsins sem varðar starfskyldur viðkomandi

Stjórn sjóðsins staðfestir hvaða efnisatriði eigi að leggja til grundvallar við hæfismatið.

Meta skal hæfi lykilstarfsfólks sbr. 3. gr. áður en gengið er frá ráðningu. Hæfismat skal fara fram eigi síðar en sex mánuðum eftir að viðkomandi tekur við starfi. Í ráðningarsamningi skal vera fyrirvari um að standast hæfismat áður en til fastráðningar kemur. Ef viðkomandi stenst ekki hæfismatið gefst honum kostur á að taka þann hluta upp aftur innan þriggja mánaða og ef hann stenst það ekki þá, verður fallið frá ráðningunni.

5.gr. Upplýsinga- og tilkynningarskylda lykilstarfsfólks

Lykilstarfsfólk skal upplýsa framkvæmdastjóra tafarlaust um breytingar sem verða á högum sem kunna að leiða til endurskoðunar á hæfismati.

Einstaklingum í hópi lykilstarfsfólks er skylt að tilkynna framkvæmdastjóra ef þau fá réttarstöðu grunaðs manns í sakamáli sem varðar atvinnurekstur eða starfsemi á fjármálamarkaði. Ef slík staða kemur upp skal framkvæmdastjóri að fengnu áliti stjórnar meta hvort viðkomandi eigi að víkja tímabundið úr stöðu sinni á meðan rannsókn stendur yfir.

Við mat á hæfi lykilstarfsfólks áskilur framkvæmdastjóri sér rétt til að kalla eftir öllum þeim gögnum sem hann telur nauðsynleg, þ.m.t. sakavottorði og veðbókarvottorði. Gæta skal öryggis og trúnaðar við varðveislu slíkra gagna.

6.gr. Upplýsingar um lykilstarfsfólk

Í ráðningarsamningum kemur fram hvort viðkomandi teljist til lykilstarfsfólks.

7.gr. Viðurlög

Ef rangar eða villandi upplýsingar eru gefnar upp í tengslum við hæfisskilyrði og/eða hæfismat sem gert er á grundvelli þessara verklagsreglna getur það varðað áminningu og/eða uppsögn.

8.gr. Birting

Verklagsreglur þessar skal birta á heimasíðu sjóðsins.

Þannig samþykkt á stjórnarfundum 26. apríl 2023